

Lög

Nr. 77.

14. nóvbr.

um

einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa svo mikla steinolíu, er henni þurfa þykir til þess að birgja landið, og selja hana kaupmönnum, kaupfjelögum, sveitarfjelögum og öðrum, samkvæmt reglugerð fyrir steinolíuverslunina, er landsstjórnin setur.

Í þessu skyni veitist landsstjórninni og heimild til að taka það lán, sem á þarf að halda til innkaupa á olíunni, til áhalda og reksturs.

2. gr.

Þegar landsstjórnin hefir tekið að sjer aðflutninga á steinolíu samkvæmt 1. gr., er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til lands steinolíu en landsstjórninni, nema með sjerstöku leyfi hennar.

3. gr.

Á hvert steinolíufat (150 kg), sem landsstjórnin selur hjer á landi, skal leggja 4 kr. gjald, er renni að hálfu í landssjóð, en að hálfu í veltufjár- og varasjóð steinolíuverslunarinnar.

Að öðru leyti skal selja olíuna fyrir það verð, er liðlega svarar innkaupsverði og öllum kostnaði.

Þegar versluninni hefir safnast svo mikið veltufje, að nægi til að reka með verslunina skuldlaust, fellur gjald það, er ræðir um í 1. málsgr. þessarar gr., að öllu leyti í landssjóð. Hvers árs arður, sem til kann að falla umfram hið ákveðna 4 kr. gjald, leggist í veltufjár- og varasjóð verslunarinnar, enda ber hann og það tap, sem verslunin kann að verða fyrir.

4. gr.

Landsstjórnin má þá fyrst nota þessa heimild, er hún hefir fengið banka- eða handveðstryggingu, er hún álitur fullnægjandi fyrir því, að áreiðanleg verslunarhús selji landinu nægar birgðir af steinolíu fyrir eigi hærra verð en alment stórkaupamarkaðsverð er á hverjum tíma á þeim stað, sem olían er keypt, og segi slíkum samningi eigi upp með minna en 1 árs fyrirvara.

Nr. 77.

5. gr.

14. nóvbr. Landsstjórnin skipar vel hæfan mann, er hafi forstöðu steinolíuverslunarinnar og alla reikningsfærsluna á hendi. Landsstjórnin velur 2 verslunarfróða endurskoðunarmenn til að rannsaka alla reikninga og bækur verslunarinnar, og skal sú endurskoðun fara fram álega eftir hendinni, og eigi sjaldnar en eftir hverja 3 mánuði. Landsstjórnin ákveður laun forstöðumannsins og endurskoðenda.

6. gr.

Í reglugerð þeirri, er getur um í 1. gr., kveður landsstjórnin á um, hvernig fara skuli um steinolíubirgðir þær, sem fjelög eða einstakir menn kunna eð eiga óseldar, þegar lög þessi koma til framkvæmda, hvort leyft skuli að selja þær, eða hvort þær skuli teknar eignarnámi til handa landssjóði.

7. gr.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum alt að 100000 kr., og skal ólöglega innflutt steinolía upptæk og andvirðið renna í landssjóð. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem með almenn lögglumál.

8. gr.

Um leið og verslun landsins með steinolíu byrjar, fellur niður vörutollur sá á steinolíu, sem ákveðinn er í lögum nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32, 22. okt. 1912, um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaljuborg, 14. nóvember 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.